

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Flúða.

1. gr.

Hitaveitan selur varmaorku úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Flúða.

2. gr.

Varmaorkan er seld um magnmæla (rúmmetramæla). Greitt skal fyrir mælt varmamagn samkvæmt rúmmetramæli. Þar að auki skal greitt mælagjald.

3. gr.

A. Varmagjald:

Varmagjald fyrir hvern rúmmetra kr. 37,00

B. Mælagjald á mánuði:

Mælastærð DN15	kr.	580
Mælastærð DN20	kr.	760
Mælastærð DN25	kr.	940
Mælastærð DN32	kr.	1.120
Mælastærð DN40	kr.	1.301
Mælastærð DN50	kr.	1.781

4. gr.

C. Stofngjöld:

Innifalið í stofngjaldi er ein heimæð á lóð allt að 25 m, talið frá lóðarmörkum þar sem hitaveituæðin kemur að viðkomandi lóð og ein mælagrind.

C1 Fyrir húsrými allt að 300 m³ og gróðurhús allt að 200 m²:

Mælagrindargjald	kr.	45.000
Fyrir hvern rúmmetra húss/fermetra gróðurhúss	kr	120

C2 Fyrir húsrými stærra en 300 m³ og gróðurhús stærra en 200 m².

Mælagrindargjald	kr.	55.000
Fast gjald	kr.	36.000
Fyrir hvern rúmmetra húss/fermetra gróðurhúss umfram 300 m ³ /200 m ²	kr.	93

C3 Auka mælagrind:

Mælagrindargjald	kr.	38.500
------------------------	-----	--------

C4 Gjald fyrir hvern lengdarmetra í heimæð umfram 25 m:

Lengdargjald	kr.	4.800
--------------------	-----	-------

5. gr.

D. Önnur gjöld:

Lokunargjald	kr.	1.000
Mælaálestrargjald (aukaálestur)	kr.	1.000

6. gr.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggst virðisaukaskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Hrunamannahrepps, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1998 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá nr. 520 20. desember 1993.

Iðnaðarráðuneytinu, 20. júlí 1998.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu í heildsölu og smásölu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð hitaveitunnar.

Heildsala.

2. gr.

Fast gjald Akraness er 76.997.955,00 kr. á ári og fast gjald Borgarbyggðar er 30.290.805,00 kr. á ári.

3. gr.

Breytilegt gjald er 22,98 kr. á rúmmetra. Gjaldið leiðréttist miðað við mælt hitastig, sbr. 17. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

Smásala.

4. gr.

Fast gjald greiðist af öllu hituðu húsnaði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fasta gjaldið reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatarmál bifreiðageymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnaðis, nema þær séu notaðar sem íbúðar- eða atvinnuhúsnaði.

Fast gjald á mánuði = $F \times 11,60 \text{ kr/m}^2$, ef F er minna en eða jafnt 130 m^2 .

Fast gjald á mánuði = $1.508 \text{ kr.} + (F-130) \times 6,98 \text{ kr/m}^2$, ef F er stærra en 130 m^2

5. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

- Peir sem greiða fast gjald samkvæmt 4. gr.: 86,35 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.
- Peir sem ekki greiða fast gjald samkvæmt 4. gr.: 115,42 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.

Gjaldið leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg sbr. 18. gr. reglugerðar hitaveitunnar.